

1. kafli: Frjáls vörufæði

B. Skil á menningarminjum sem hafa ólöglega verið fluttar á brott

36. Vinsamlegast leggið fram eintak af þeim landslögum er taka upp tilskipun 93/7/EBE um skil á menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis.

Lög nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa fylgja með í viðauka 1:36.

37. Hefur Ísland einnig innleitt tilskipanir 96/100/EB and 2001/38/EB sem breyttu viðauka tilskipunar 93/7/EBE?

Ákvæði tilskipunar 96/100/EB og 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/38/EB voru innleiddar í lög nr. 105/2001. Öll ákvæði þessara tilskipana er að finna í nýjum lagafrumvörpum, sem verða lögð fyrir Alþingi 2009-2010 (sjá spurningu 40).

38. Vinsamlegast látið okkur í té upplýsingar um það innlenda stjórnvald sem annast mál er varða skil á menningarminjum.

Safnaráð – Museum Council of Iceland
Laufásvegi 12, 101 Reykjavík, Íslandi;
tel.: + 354 5159605
fax: + 354 5159601

39. Hefur tilskipun 93/7/EBE þegar verið beitt? Ef svo er, vinsamlegast skýrið frá.

Ríkisstjórn Íslands hefur nokkrum sinnum borist beiðni frá öðrum löndum um menningarminjar sem fluttar voru frá löndunum, t.d. Írak og Japan. Hafa upplýsingarnar verið sendar því innlenda stjórnvaldi sem annast mál er varða skil á menningarminjum.

Að auki hafa íslensk söfn gert rækilega rannsókn á því hvort í safnkosti þeirra geti verið að finna muni sem fluttir voru á ólögsmættan hátt frá evrópskum söfnum eða einkaheimilum á nasistatímanum (1933-1945). Leiddi sú rannsókn ekki í ljós neina slíka muni.

40. Áformið þið einhverjar breytingar á núverandi löggjöf? Vinsamlegast látið í té ítarlegar upplýsingar og áætlaða tímasetningu.

Já. Í ljósi reynslunnar af lögum nr. 105/2001 hefur verið lögð fram tillaga um að aðskilja hina tvo hluta núgildandi laga, svo úr verði ný lög um skil á menningarminjum til annarra ríkja, en ákvæði um flutning menningarverðmæta úr landi verði tekin upp í almenn lög um menningararf Íslands. Áætlað er að tillagan verði lögð fyrir Alþingi 2009 - 2010.

Viðauki 1:36

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001105.html>